

Febrúar 2020



Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019 Samantekt

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið



Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

Febrúar 2020

utn@utn.is

www.stjornarradid.is

©2020 Utanríkisráðuneytið

ISBN: 978-9935-9149-6-5

Samantekt

Á árinu 2019 gegndi Ísland formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Stærsta verkefnið á formennskuárinu var að ná samstöðu um nýja framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf til ársins 2030 með megináherslu á sjálfbærni, þ.m.t. aðgerðir í loftslagsmálum, og samþætt Norðurlönd.

Yfirskrift formennsku Íslands var **Gagnvegir góðir**. Formennskuverkefnið leggja áherslu á málefni ungs fólks, sjálfbæra ferðaþjónustu í norðri og hafið. Norræna ráðherranefndin fjármagnar þau með um 275 m.kr. fjárveitingu á ári í þrjú ár (2019 til 2021).

Í þessari samantekt er að finna yfirlit um nokkrar helstu niðurstöður formennskuársins, helstu fundi, viðburði og verkefni. Yfirlitið er fjarri því að vera tæmandi. Ítarlega verður gerð grein fyrir starfi á formennskuárinu í skýrslu samstarfsráðherra til Alþingis um norrænt samstarf 2019 sem kom til umræðu 6. febrúar 2020.

Helstu niðurstöður ársins

1. Samstaða náðist um **nýja framtíðarsýn** fyrir Norrænu ráðherranefndina til ársins 2030. Markmiðið að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Forsætisráðherrar Norðurlanda samþykktu framtíðarsýnina á fundi í ágúst sl.
2. Skýr forgangsroðun um **græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd** er hluti af framtíðarsýninni. Unnið er að því að öll norræn ráðherraráð leggi sitt af mörkum til aðgerðaáætlaða um markmiðin til fjögurra ára.
3. Ákvörðun var tekin á formennskuári Íslands um að taka upp **fjárveitingar til lengri tíma** (4 ára) og mæla og meta sérstaklega **árangur af samstarfinu**.
4. Formennskuverkefnum Íslands um **ungt fólk, sjálfbæra ferðaþjónustu og hafið** var ýtt úr vör. Þeim er ætlað að auka við þekkingu og nýtast í stefnumótun og verkefnum á Íslandi og hinum Norðurlöndunum. Samtali við ungt fólk var gefinn sérstakur gaumur.
5. **Mikil og stöðug virkni**. Haldnir voru alls 24 ráðherrafundir, 73 embættis-mannafundir, 50 sérfræðingafundir, vinnustofur og málþing, 17 norrænar/alþjóðlegar ráðstefnur, auk fjölda annarra viðburða sem Ísland stóð fyrir eða tók þátt í á formennskuárinu. Gróft áætlað tóku um 3.500 manns þátt í viðburðunum. Stór hluti funda fór fram á Íslandi.

6. **NAUST-áætlunin** um samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Vestur-Noregs var samþykkt og tókst þar með að ljúka vinnu sem hófst árið 2014. Norræn fjárveiting að upphæð um 45 m.kr. var tryggð í frumkvæðisverkefni sem hefjast í byrjun árs 2020 og verða undir stjórn NORA í Færeyjum en með þátttöku allra vestnorrænu landanna.
7. Ný samstarfsáætlun í **umhverfis- og loftslagsmálum** gekk í gildi á árinu og norrænir forsætisráðherrar fólu Norrænu ráðherranefndinni að vinna að Helsinki-yfirlýsingunni um **kolefnishlutlaus Norðurlönd** sem samþykkt var í janúar 2019. Sú vinna fléttast nú inni í aðgerðaráætlanir sem tengjast framtíðarsýn 2030.
8. **Samlegð náðist í starfi við formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu**, um málefni hafsins. Sameiginleg ráðstefna Norðurskautsráðsins og Norrænu ráðherranefndarinnar um plast í höfum fer fram í apríl 2020.
9. Aukið **samráð og samvinna í stýrihópi Stjórnarráðsins** um norræna samvinnu í því skyni að ná fram samlegð í starfi og áherslum og miðla upplýsingum milli ráðuneyta.
10. **Upplýsingamiðlun** um norrænt samstarf var augin á formennskuárinu. Vefsvæði samstarfsráðherra Norðurlanda sett upp á vef Stjórnarráðsins sem nýtast mun áfram.



Mynd 1: Forsætisráðherrar Norðurlanda eftir fund sinn á Íslandi 20. ágúst 2019.

1. Framtíðarsýn 2030

Á síðasta fundi sænsku formennskunnar í Norrænu ráðherranefndinni í desember 2018 var að tillögu Íslands samþykkt tímaáætlun vegna vinnu að nýrri framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf. Þar var gert ráð fyrir að vinnan hæfist í byrjun árs 2019 og lyki á sumarfundi norrænna samstarfsráðherra í júní 2019.

Þessi tímaáætlun gekk eftir. Samstarfsráðherrarnir funduðu um framtíðarsýnina í febrúar, apríl og júní, og lögðu áherslu á að framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf yrði að vera skýr og einföld og byggð á mælanlegum markmiðum. Á tímabilinu febrúar til apríl gafst fagráðherraráðum og norrænum stofnunum tækifæri til að gera athugasemdir. Það breikkaði eignarhaldið á niðurstöðunni. Norðurlandaráð var sömuleiðis upplýst um yfirstandandi vinnu.

Ísland lagði sem formennskuríki áherslu á að aðgerðir í loftslagsmálum yrðu meginefni nýrrar framtíðarsýnar og ágæt samstaða náðist um það. Eftir því sem leið á samningavinnuna var sú áhersla breikkuð og niðurstaðan varð sú að markmiðið yrði sjálfbærni og samþætting, en þannig gæfist öllum fagráðherraráðum kostur á að styðja við framkvæmdina.

Niðurstaðan varð framtíðarsýn um „**Norðurlöndin sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030**“. Sammælt var um að græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd yrðu forgangsmál næstu fjögurra ára. Þetta var samþykkt einróma á sumarfundi samstarfsráðherra Norðurlanda 20. júní á Hellu. Norrænir forsætisráðherrar samþykktu framtíðarsýnina fyrir sitt leyti á sumarfundi sínum í Reykjavík 20. ágúst sl. Þeir lögðu pólitíska áherslu á að framtíðarsýnin fælist í því að norrænt samstarf yrði virkjað í þágu aðgerða í loftslagsmálum. Miklu skipti að þeim orðum fylgdu aðgerðir.

Norræna ráðherranefndin greip þann bolta á lofti og strax haustið 2019 hófst vinna við aðgerðaáætlanir sem eiga að styðja við forgangsmarkmiðin. Öll fagráðherraráð komu með tillögur um ný verkefni sem ætlað er að styðja við framtíðarsýnina. Gert er ráð fyrir að þessi verkefni og fjármögnun þeirra hafi áhrif á forgangsröðun fjármuna innan og á milli fagráðherraráða, enda er ætlunin að framtíðarsýnin hafi raunveruleg áhrif á norrænt samstarf á næstu árum þ.m.t. á fjárveitingar. Sumarið 2022 er að vænta skýrslu norrænna samstarfsráðherra til forsætisráðherra um það hvernig unnið hefur verið að framtíðarsýninni.



Mynd 2: Samstarfsráðherrar Norðurlanda í kynnisferð um Suðurland eftir fund sinn um nýja framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf á Íslandi 19. júní 2019.

2. Formennskuverkefni Íslands

Ríkið sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni fær fjármögnuð norræn verkefni á ákveðnum sviðum sem formennskuríkið stýrir. Ísland lagði til verkefni um **ungt fólk, sjálfbæra ferðaþjónustu í norðri og málefni hafsins**. Þetta var ákveðið eftir samráð innan stýrihóps Stjórnarráðsins um norrænt samstarf þar sem ráðuneyti lögðu fram tillögur um áherslur. Við val á verkefnum var horft til þess að þau tengdust íslenskum hagsmunum og málefnum, hefðu þýðingu annars staðar á Norðurlöndunum og styddu við framkvæmd heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Var það í fyrsta skipti sem formennskuáætlun hjá Norrænu ráðherranefndinni tengdist heimsmarkmiðunum með beinum hætti.

Á þessum þremur sviðum hefur verið efnt til alls níu formennskuverkefna, þriggja á hverju sviði. Ágæt norræn þátttaka er í verkefnum sem eru undir stjórn íslenskra aðila. Verkefnin eru til þriggja ára og halda áfram til ársloka 2021. Norræna ráðherranefndin fjármagnar verkefni með árlegu framlagi að upphæð 15 milljónir danskra króna eða um 275 m.kr. Heildarframlag til formennskuverkefnanna á þessum þremur árum er því 45 milljónir danskra króna eða alls um 825 m.kr. Þeir fjármunir renna ekki allir til Íslands þar sem hluti formennskufjárveitingarinnar fjármagnar eftir atvikum viðburði og verkefni utan Íslands. Stór hluti hennar fer engu að síður í að styðja við starf íslenskra stofnana og sérfræðinga, og halda vinnufundi og ráðstefnur hérlendis.

Í samstarfi við formenskuna í Norðurskautsráðinu hefur verið undirbúin sameiginleg ráðstefna um plast í höfum en hún verður haldin 21.-23. apríl nk. Norræna ráðherranefndin styrkir framkvæmd ráðstefnunnar með upphæð sem nemur rúmlega 14,6 m.kr. Málefni hafsins eru jafnframt ein megináhersla formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu, í samstarfi utanríkisráðherra Norðurlandanna (N5) og Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8).



Mynd 3: Samstarfsráðherrar Norðurlanda við gömlu höfnina á Granda eftir fyrsta fund sinn á formennskuári Íslands 8. febrúar 2019.

3. Mikil og stöðug virkni í starfi

Norræna ráðherranefndin skiptist í ellefu ráðherraráð eftir fagsviðum og eitt tímabundið ráðherraráð sem fjallar um stafræn málefni. Flest ráðherraráð hittast að jafnaði einu sinni á ári, nokkur hittast tvisvar og samstarfsráðherrar Norðurlanda hittast að jafnaði fjórum sinnum á ári. Ísland veitti árið 2019 öllum ráðherraráðum formennsku, auk þess að vera í formennsku í embættismannanefndum og eftir atvikum í sérfræðingahópum.

Á formennskuári Íslands voru haldnir **24 ráðherrafundir**, að meðtöldum tveimur fundum forsætisráðherra Norðurlandanna sem samkvæmt Helsinki-samningnum bera ábyrgð á norrænu samstarfi en fela samstarfsráðherrum daglega umsjón. Samstarfsráðherrarnir hittust alls 5 sinnum á árinu sem er ívið oftari en á venjubundnu ári. Það helgaðist einkum af vinnu við nýja framtíðarsýn.

Auk ráðherrafunda fóru fram **ymsir stærri viðburðir á Íslandi**. Þar má nefna alþjóðlega ráðstefnu í apríl um framtíð vinnunnar sem bar nafnið „Future of work“ þar sem niðurstöður viðamikils norræns rannsóknarverkefnis voru kynntar. Ráðstefnan tengdist einnig 100 ára afmæli Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO).

Guy Ryder, framkvæmdastjóri ILO, tók þátt í henni og hann var einnig gestur á fundi norrænna atvinnumálaráðherra sem funduðu samhliða ráðstefnunni.

Alþjóðlega ráðstefnan um #MeToo-byltinguna fór fram í september í samstarfi íslenskra stjórnvalda og Norrænu ráðherranefndarinnar. Norrænir jafnréttismálaráðherrar funduðu í tengslum við ráðstefnuna og heimsþekktir fyrirlesarar tóku þátt í henni. Þá var á vegum norrænu ungmennanefndarinnar NORDBUK og í tengslum við norræna verkefnið Generation 2030 haldin sameiginleg ráðstefna í Hörpu í apríl þar sem sjónum var beint að ungu fólki og sjálfbærri neyslu og framleiðslu. Norrænir umhverfisráðherrar tóku þátt í ráðstefnunni, mennta- og menningarmálaráðherra hélt ávarp og forsætisráðherra flutti lokaorð.

Auk þessara þriggja stóru ráðstefna fóru fram fjöldi annarra funda og viðburða á árinu. Þar má nefna stóra ráðstefnu um geðheilbrigði barna þar sem áhersla var lögð á geðrækt, forvarnir og snemmtæka íhlutun, ráðstefnu um rafræna fylgiseðla, ungmennaping um heimsmarkmið 4.7. um menntun og sjálfbærni en forseti Íslands tók þátt í fundinum, fund um orkustefnu Íslands með þátttöku norrænna sérfræðinga, hringborðsumræður með ráðherrum og forstjórum úr byggingariðnaðinum á Norðurlöndum á sérstökum fundi norrænna



Mynd 4: *Norrænir orkumálaráðherrar í heimsókn í Hellisheiðarvirkjun í tengslum við ráðherrafund í Reykjavík 27. júní 2019.*

húsnæðismálaráðherra, fundi vinnuhópa um fjölda heilbrigðisáskorana m.a. sýklalyfjaónæmi, ráðstefnu um tengsl jöfnuðar, heilsu og vellíðanar; 30 ára afmælisráðstefnu umhverfismerkisins Svansins, fund um fjarheilbrigðisþjónustu í dreifbýli, ráðstefnu um framtíð byggðaðróunar á Norðurlöndum og ráðstefnu um stafrænt kynferðisofbeldi gagnvart börnum.

Formennskuárið hófst með viðburði í Norræna húsinu í janúar. Þáverandi framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar og samstarfsráðherra Norðurlanda, fluttu ávörp. Viðburðurinn var sá fyrsti af mörgum sem fram fór í Norræna húsinu. Töluvert samráð var við starfsfólk Norræna hússins, Norræna félagsins og starfsfólk Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins.

Í mars fór fram málþing um hafið þar sem fjallað var um formennskuverkefni Íslands með þátttöku ýmissa haghafa og í sama mánuði var degi Norðurlandanna fagnað. Samstarfsráðherrar gerðu málefni formennskunnar að þemum funda sinna á árinu. Málefni hafsins var þema fundar í febrúar sem fram fór í Sjávarklasanum á Granda, sjálfbær ferðaþjónusta var þema sumarfundar á Hellu í júní og í september á fundi í Edinborg í Skotlandi var þemað ungt fólk. Þá var sjónum beint að samstarfi Norðurlandanna við nágranna í vestri, þ.m.t. við Bretland/Skotland, sem fellur undir slíkt samstarf..

Málefni ungs fólks voru áberandi allt árið. Samstarfsráðherra var fyrsti formaður norrænna samstarfsráðherra til að taka þátt í norræna ungmennafundinum sem haldinn er á Álandseyjum í ágúst ár hvert. Einnig tók hann þátt í hliðarviðburði með ungu fólk í Stokkhólmi í desember í tengslum við loftslagsráðstefnu SP í Madrid. Haldin var ráðstefna ungmenna um tungumál þar sem ungt fólk á öllum Norðurlöndunum skilaði tillögum til mennta- og menningarmálaráðherra um aukið tungumálasamstarf. Þá vakti fundur fulltrúa ungs fólks með forsætisráðherrum Norðurlanda, sem haldinn var samhlið Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi, verðskuldaða athygli.

Af öðrum málefnum má nefna hátæknivæðingu vinnumarkaða framtíðar, losun koltvísýrings frá húsnæði og byggingariðnaði, sameiginlegt lyfjaútboð Íslands, Danmerkur og Noregs, stöðu kennara í samfélaginu og leiðir til að fjölga kennaranemum, og mat á framgangi samstarfsáætlunar um byggðaðróun 2017–2020.



Mynd 5: *Sigurður Ingi Jóhannsson, samstarfsráðherra, tók þátt í hliðarviðburði í Stokkhólmi með ungu fólk í tengslum við loftslagsráðstefnu SP í Madrid.*

4. Samstarf á Norður-Atlantshafssvæðinu – NAUST

Á formennskuárinu tókst að ljúka gerð nýrrar stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf á Norður-Atlantshafssvæðinu (Nordatlantens utviklingsstrategi – NAUST) og fá hana samþykkt. Í stefnumörkuninni er lögð áhersla á að styrkja tengsl lykilaðila á svæðinu, efla sjálfbæra þróun byggðarlaga og styrkja og þróa grunnatvinnuvegi. Forgangsröðun verkefna innan ramma NAUST byggir á velferðar- og jafnréttismálum, málefnum hafsins og bláa hagkerfisins, orkumálum, samgöngum og björgun á sjó, sjálfbærni í ferðaþjónustu og menningarmálum.

Norrænir ráðherrar byggðamála samþykktu stefnuna á fundi sínum í lok júní og í desember var ákveðið á vettvangi samstarfsráðherra Norðurlanda að veita alls 1 milljón danskra króna í fyrstu verkefni NAUST. Áður hafði stjórn Norður-Atlantshafsstofnunarinnar (NORA) í Færeyjum, sem falin er framkvæmd stefnunnar, ákveðið að veita 1,5 milljónir danskra króna í þessi frumkvæðisverkefni á næsta ári. NAUST hefur því verið tryggt verkefnafé að upphæð ríflega 45 m.kr. til að hefja framkvæmd strax á árinu 2020.



Mynd 6: Frá fundi norrænna byggðamálaráðherra í Reykjavík 28. júní 2019.

5. Samráð og samvinna í stýrihópi Stjórnarráðsins

Samvinna í stýrihópi Stjórnarráðsins um norrænt samstarf var með ágætum á árinu en í honum sitja þeir starfsmenn ráðuneyta sem eiga sæti í norrænum embættismannanefndum og/eða taka þátt í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar með öðrum hætti. Á árinu 2018 var meginverkefnið að leggja drög að formennskuáætlun Íslands. Á formennskuárinu fólst starfið einkum í því að eiga samráð um framtíðarsýnina og skiptast á upplýsingum um fundi og viðburði, málefnaáherslur og annað sem snertir fleiri en eitt ráðuneyti. Hópurinn fundaði reglulega, alls átta sinnum á formennskuárinu. Paula Lehtomäki, nýr framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, fundaði með stýrihópnum í Reykjavík í september og það var jafnframt fyrsti fundur hennar með starfsfólki ráðuneyta á Norðurlöndunum til að ræða framtíðarsýnina.



Mynd 7: Paula Lehtomäki, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar (t.h.) tekur þátt í umræðum á einum af fjölmörgum ráðherrafundum ársins. Á myndinni eru einnig Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Sigurður Ingi Jóhannsson, samstarfsráðherra.

6. Upplýsingamál og kostnaður

Á formennskuárinu var lögð áhersla á að upplýsa reglulega um inntak og framkvæmd norræns samstarfs. Það var einkum gert á samfélagsmiðlum; Facebook og Twitter. Í nafni formennskunnar voru send alls 153 tíst og voru fylgjendur Twitter-síðu formennskunnar 1.018 í loks ársins. Sendar voru út 76 fréttatilkynningar um fundi og viðburði. Sett var upp sérstakt vefsvæði samstarfsráðherra Norðurlanda á vef Stjórnarráðsins þar sem er að finna upplýsingar um norrænt samstarf. Lögð var áhersla á að halda sendiráðum erlendra ríkja í Reykjavík upplýstum um formenskuna og þau verkefni og viðburði sem tengdust henni. Upplýsingafundur var haldinn í september með frjálsum félagasamtökum og fulltrúum atvinnulífsins um nýja framtíðarsýn.

Viðbótarfjárveiting vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni nam 48,0 m.kr. í fjárlögum 2019. Sú upphæð miðaði við viðbótarfjárveitinguna til formennskunnar árið 2014 að viðbættum verðlagsbreytingum sem námu 6%. Heildarkostnaður vegna formennsku-ársins nam 53,8 m.kr. og var því 5,8 m.kr. hærri en fjárveitingin. Meginskýringin á þessu er aukinn kostnaður vegna leigu á tækjabúnaði vegna túlkunar, aukafundur norrænna húsnæðismálaráðherra á Íslandi og almennt mikil virkni í öllu starfi á formennskuárinu, auk þess sem fullyrða má að kostnaður við fundahald hafi hækkað um meira en 6% frá árinu 2014. Ríkisstjórnin samþykkti 24. janúar sl. að veita 5,8 m.kr. til formennskunnar og þannig hefur þetta bil verið brúað.

Vert er að hafa í huga að um er að ræða óumflýjanlegan viðbótarkostnað sem fellur til vegna formennsku Íslands. Jafnframt má þess geta að umtalsverðar fjárhæðir hafa komið inn í íslenskt efnahagslíf vegna þúsunda gesta sem hafa tekið þátt í norrænum fundum og viðburðum, í formi flugmiða, gistinátta og annarra útgjalda á Íslandi.



Mynd 8: Ungt fólk frá öllum Norðurlöndunum kom saman í Hörpu 11. apríl 2019 á ráðstefnu um sjálfbæra neyslu og framleiðslu (heimsmarkmið 12). Niðurstöður voru sendar norrænum forsætisráðherrum.

7. Að lokum

Stærsta málið á liðnu ári var samþykkt nýrrar framtíðarsýnar fyrir Norrænu ráðherranefndina og þar gat Ísland sem formennskuríki haft áhrif í þá veru að nýta beri styrk norræns samstarfs til að ná árangri í loftslagsmálum. Nú er það allra Norðurlandanna að fylgja eftir þeirri stefnumótun. Að öðru leyti voru meginmarkmiðin á formennskuárinu á margan hátt þau sömu og á venjulegu ári, þ.e. að hlúa að hagsmunum Íslands með því að halda fram málefnum og málaflokkum sem skipta Ísland sérstöku máli. Það var gert með formennskuáherslunum á ungt fólk, sjálfbæra ferðaþjónustu og hafið, en einnig með vinnu í einstökum málaflokkum. Með því að hafa áhrif á stefnumótun Norðurlandanna á einstökum sviðum verður til grundvöllur fyrir sameiginlegri fjármögnun verkefna og norrænum áherslum sem skipt geta Ísland miklu máli.

Annað meginmarkmið Íslands í norrænni samvinnu er að sækja styrk í þekkingu og reynslu annarra og njóta góðs af því að vera hluti af stærri heild. Þannig styrkist fagþekking á fjölmörgum sviðum sem kemur íslensku samfélagi til góða. Þriðja markmiðið er að styrkja fótfestu Íslands í samstarfinu í gegnum virka og uppbyggilega þátttöku sem styrkir norrænt samstarf í heild sinni. Á formennskuárinu gafst gott tækifæri til þess. Innra starf laut einkum að aukinni upplýsingamiðlun og bættri samræmingu og samstarfi innan Stjórnarráðsins.

Í góðri samvinnu allra ráðuneyta var unnið ötullega á nýafstöðnu formennskuári að öllu þessu með þeirri niðurstöðu sem rakin er hér að framan. Samantekið má segja að ágætlega hafi tekist til.

Norðurlandadeild utanríkisráðuneytisins,
6. febrúar 2020.

